

# Samningur um tannlækningar barna

Helga Ágústsdóttir tannlæknir, MS, MPH, PhD  
sérfræðingur í velferðarráðuneytinu

Velferðarvaktin  
16. apríl 2013



# Langur aðdragandi

- » Langur aðdragandi hefur verið að þessum tímamótum
- » Allt frá því að niðurstöður rannsóknar á munnheilsu íslenskra barna, MUNNÍS 2005 lágu fyrir var ljóst að mikið átak þyrfti til að rétta tannheilsu íslenskra barna við
- » Ráðherra og ráðuneyti hafa átt í viðræðum við tannlækna í langan tíma um mögulegar úrlausnir



- » Síðast var samið við tannlækna um heildarsamning árið 1992. Sá samningur rann út árið 1998 og var ekki endurnýjaður.
- » Frá ársbyrjun 1999 hefur því ekki verið í gildi heildarsamningur við tannlækna um almennar tannlækningar barna.
- » Forvarnarsamningur um ákveðna árganga (þriggja og 12 ára, síðar var 6 ára bætt við) var gerður árið 2007 en heimtur reyndust ófullnægjandi og mjög hefur dregið úr þátttöku tannlækna í samningnum.
- » Guðbjartur Hannesson tók við heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytunum í september 2010 og sameinuðu velferðarráðuneyti 1. janúar 2011. Hann lagði strax mikla áherslu á að ná árangri í tannheilsumálum barna.
- » Samningaviðræðum við tannlækna lauk sumarið 2011 án samnings.
- » Tannlæknar höfnuðu rammamningi sem Sí lagði fram síðar sama ár.

# Áherslur ráðherra – sátt og samvinna

- » Ráðuneytið hefur lagt áherslu á samvinnu við fagaðila og að ná breiðri sátt um nýtt tannlækningakerfi.
- » Þá hefur verið lögð áhersla á að innleiða kerfi með góðu utanumhaldi um tannheilsu barna, sem tryggir að öll börn fái nauðsynlega tannlæknaþjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum.



# Starfshópurinn

- » Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra skipaði starfshóp í maí 2012 til að gera tillögur um tannlækningar barna.
- » Í hópnum sátu fulltrúar frá Sjúkratryggingum Íslands, Tannlæknafélagi Íslands, Embætti landlæknis, heilsugæslunni, heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og Velferðarráðuneytinu.
- » Hópurinn skilaði tillögum um tímabundna lausn í júní 2012
- » í kjölfarið var gjaldskrá SÍ vegna tannlækninga barna hækkuð um 50% 1. júlí 2012 að tillögu hópsins.
- » Ráðherra veitti þá starfshópnum umboð til að vinna að tillögum um framtíðarfyrirkomulag tannlækninga og koma með tillögu að því hvernig hægt væri að innleiða kerfi fyrir öll börn í skrefum á næstu árum.



# Starfshópurinn

- » Hópurinn hóf störf aftur í lok ágúst og skilaði tillögum sínum til ráðherra 3. október 2012.
- » Í nóvember 2012 samþykkti ríkisstjórnin tillögu Guðbjartar Hannessonar velferðarráðherra um að veita Sjúkratryggingum heimild til samningaviðræðna við tannlækna á grundvelli hugmynda starfshópsins.
- » Ráðherra fól þá Sjúkratryggingum Íslands að gera samning við tannlækna á grundvelli tillagnanna.
- » 11. apríl 2013 var samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára undirritaður í Velferðarráðuneytinu.
- » 18. apríl 2013 verður samningurinn lagður fyrir félagsfund Tannlæknafélags Íslands og greidd atkvæði um hann.



# Samningurinn

- » Við gildistöku samningsins 15. maí nk. tekur hann til barna 15 ára til og með 17 ára,
- » þann 1. september nk. tekur hann til 12 til og með 17 ára auk þriggja ára barna.
- » Á hverju ári eftir það bætast við tveir árgangar þar til hann tekur til allra barna 0-18 ára.
- » Samningurinn felur í sér að börnin fá alla nauðsynlega almenna tannlæknaþjónustu og greiða aðeins fast komugjald, sem gert er ráð fyrir að verði 2.500 kr einu sinni ári.
- » Samningurinn gildir frá 15. maí nk. til aprílloka 2019



# Innleiðing kerfis

Tannlæknáþjónusta barna verður innleidd í eftirfarandi áföngum:

- » Þann 15. maí 2013 mun samningurinn taka til 15, 16 og 17 ára barna.
- » Þann 1. september 2013 bætast við 3, 12, 13 og 14 ára börn.
- » Þann 1. janúar 2014 bætast við 10 og 11 ára börn.
- » Þann 1. janúar 2015 bætast við 8 og 9 ára börn.
- » Þann 1. janúar 2016 bætast við 6 og 7 ára börn.
- » Þann 1. janúar 2017 bætast við 4 og 5 ára börn.
- » Þann 1. janúar 2018 tekur samningurinn til allra barna yngri en 18 ára.





- » Þau börn sem ekki enn falla innan samningsins aldurs síns vegna fá áfram endurgreiðslu vegna tannlæknabjónustu samkvæmt gjaldskrá SÍ sem hækkuð var um 50% síðastliðið sumar (1. júlí 2012). Sú hækkun mun standa.

# Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður

- » Gert er ráð fyrir að þau börn í bráðavanda, sem ekki eru á þeim aldri að þau falli innan samningsins og búa við erfiðar félagslegar aðstæður geti auk þess fengið nauðsynlega tannlæknaþjónustu samkvæmt samningnum hafi þau fengið samþykki SÍ að undangenginni tilvísun frá heilsugæslu, barnaverndar- eða félagsmálayfirvöldum.



- » Gert er ráð fyrir að öll börn skuli hafa heimilistannlækni sem annast allar almennar tannlækningar þeirra.
- » Foreldrar og heilsugæsla senda Sjúkratryggingum Íslands upplýsingar rafrænt um heimilistannlækni barns sem miðlar upplýsingunum til viðkomandi tannlæknis.
- » Heimilistannlæknir sér um innköllun barns í eftirlit eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og heldur utan um tannheilsu barnsins.
- » Skili barnið sér ekki í reglubundna skoðun til heimilistannlæknis ber honum að tilkynna um slíkt til SÍ sem miðlar upplýsingunum áfram til heilbrigðisyfirvalda.
- » Með samvinnu við heilsugæslu verður reynt að aðstoða barnið við að fá nauðsynlega tannlæknaþjónustu.
- » Stefnt er á að ná árangri eins og best gerist á Norðurlöndunum.